


# ÞJÓNUSTU
## Handbók

Reglubundin ræsting
Djúp- og teppahreinsun
Húsvarsla
Gluggaþvottur
Alþrif
Þakrennuhreinsun
Háþrýstiþvottur
Iðnaðarþrif
Gólfhreinsun
Sorpgeymslur og tunnur
Garðurinn

Fyrsta flokks
ÞJÓNUSTA





# *Um* OKKUR

Mánar ehf er fjölskyldufyrirtæki sem býður fjölbreytta þjónustu á sviði hreingerninga. Félagið var stofnað árið 2016 og hefur vaxið hratt undanfarin ár. Fjölbreyttur hópur starfmanna þjónustar í dag á þriðja hundrað fastra viðskiptavina auk fjölda sérverkefna frá degi til dags.

TRAUST
Við kappkostum að veita áreiðanlega og góða þjónustu og það er mikilvægt fyrir okkur að skapa traust milli okkar og viðskiptavina okkar.

HREINLÆTI
Hreint umhverfi skiptir alla máli, hvort sem um er að ræða heimilið, stigaganginn eða fyrirtækið. Mánar hafa hreinlætið í fyrirrúmi fyrir viðskiptavini sína.

GLEÐI
Það er mjög mikilvægt fyrir okkur að starfsfólk okkar sé alltaf ánægt í starfi og að viðskiptavinir okkar geti notið þjónustunar og viðskiptana.

ÞJÓNUSTA
Við leitumst við að veita alltaf bestu þjónustuna sem völ er á hverju sinni. Þjónusta alla leið er slagorð okkar og við stöndum við það.

MANNAUÐUR
Starfsfólk Mána ehf. er mikilvægasta auðlind fyrirtækisins og lykill að góðum árangri. Við leggjum áherslu á að skapa eftirsóknarverðan vinnustað með góðum starfsanda og jöfnum tækifærum. Við trúum því að aukin starfsánægja komi fram í framúrskarandi þjónustu.

UMHVERFIÐ
Mánar leitast við að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum og fylgir lagalegum kröfum á sviði umhverfismála. Fyrirtækið leggur áherslu á að leita umhverfisvænna leiða í aðföngum og þjónustu og hvetur starfsmenn til að vinna með lausnir sem stuðla að minni úrgangi, heilnæmu umhverfi utan dyra sem innan og bættri umhverfisvitund starfsfólks og viðskiptavina.
Fyrirtækið leitast við að uppfylla öll markmið og kröfur sem gerðar eru til Svansvottunar og eru viðmið og gildi endurskoðuð árlega til samræmis við þær.

*Kári Þráinsson*

*Reglubundin*

# RÆSTING

## Fyrirtæki

Ræsting í fyrirtækjum á Íslandi er ábótavant á mörgum stöðum og hefur það áhrif bæði á starfsfólk og viðskiptavini. Hreint fyrirtæki er heilbrigt fyrirtæki og er mikilvægt að vanmeta ekki þörfina þegar kemur að ræstingu.

Fyrirtækjaþrif geta verið fjölbreytt. Reglubundin ræsting, árstíðabundin alþrif og þrif á flóknum rýmum eru helstu dæmi um tegund ræstingar sem viðskiptavinir leitast eftir.

Við aðlögum okkur að ykkar þörfum og markmið er að viðskiptavinir upplifi okkur sem framúrskarandi ræstingafyrirtæki.





## Húsfélög

Lang flest húsfélög kjósa að vera með vikulega ræstingu í það minnsta. Í vikulegum heimsóknum er þrifið samkvæmt gildandi verklýsingu sem lögð er til grundvallar í upphafi þjónustunar. Þar er sömuleiðis hugað að þáttum á annarri tíðni s.s. mánaðarlegri eða árlegri.

Hefðbundin verklysing tekur m.a. til innganga, hæða, stigagangs, handriða, lyfta o.s.frv. Hugað er að veggjum og glerjum eftir samkomulagi.

*Hver er þörfin hjá ykkur?*

# *Eftirlit og* HÚSVARSLA



## Reglubundið eftirlit

Við bjóðum fjölbreytta þjónustu húsvarðar á þeirri tíðni sem hentar hverjum stað fyrir sig. Fagleg umsjón með eigninni, eftirlit með ljósaperum, viðhald læsinga og lama eru dæmi um verkþætti húsvarðar ásamt því að meta frekari þörf á viðhaldi.

Húsvörður, í samráði við eigendur sér um að panta iðnaðarmenn eftir þörfum á sem hagstæðustu kjörum hverju sinni.



## Öryggis eftirlit

Með þjónustu húsvarðar fylgir almennt öryggiseftirlit með eigninni.
Húsvörður gengur úr skugga að öryggisútbúnaður sé virkur og veitir ráðgjöf ef eitthvað vantar upp á öryggi íbúa og starfsmanna.
Hann skiptir um rafhlöður í reykskynjurum og sér um að slökkvitæki séu yfirfarin.

*Djúp- og*

# TEPPAHREINSUN



## Teppahreinsun

Teppahreinsun er einn eftirsóttasti sérþjónustuþáttur okkar þegar kemur að húsfélögum.  Fyrir utan fagurfræðileg sjónarmið eins og bætta asýnd eykur teppahreinsun loftgæði rýmisins til muna og þar sem hreinsunin lífgar teppaþræðina eykur það sömuleiðis mýkt og endingu teppisins.

Teppahreinsun fylgir öllu jafna ekki mikið rót og má ganga á teppinu strax eftir hreinsun þrátt fyrir örlítinn raka en einnig má flýta fyrir þornun með blæstri.



## Djúp- og Mottuhreinsun

Mottur eru hlutir sem mikið er gengið um, enda til þess gerðar að fjarlægja sem mest óhreinindi undan skóm áður en gengið er inn á önnu gólf.  Með góðri og vel hirtri mottu má venda teppin og endingu þeirra.

Sófar, stólar og önnur bólstruð húsgögn verða safna sömuleiðis óhreinindum með tímanum sem skerðir endingatíma þeirra.

Það er mjög mikilvægt fyrir endingu og notagildi að mottur og bólstruð húsgögn séu hreinsuð reglulega, hvort sem er á staðnum eða þau flutt til hreinsunar.  Eykur það sömuleiðis loftgæði þess rýmis sem þau prýða.
Við höfum einnig gert samning við birgja um hagstæð verð á mottum til eignar og veitum ráðgjöf og mælum eftir óskum.

*Hugum að loftgæðum*

# *Gluggar og* ALÞRIF



## Gluggaþvottur

Hreinar rúður og glerfletir eru mikilvægur hluti af heildar ásýnd.
Við þrífum gler að innan og utan eftir þeim aðferðum sem henta best hverju sinni.

Þar má nefna, hiflow clean water system sem síar frá öll steinefni úr vatnu, eykur þrif eiginleika þess og kemur í veg fyrir rákir við þornun.



## Alþrif

Hvort sem um er að ræða föst, árstíðabundin eða stök þrif bjóðum við upp á alþrif allt árið um kring. Alþrif geta einnig verið svæðisbundin, til dæmis á svæðum sem ekki þarfnast viku eða mánaðarlegra þrifa.

Árleg alþrif í tengslum við tiltektardaga er vilsæll þjónustuþáttur hjá okkur. Þar getum við samhliða boðið upp á að fjarlægja muni og koma í endurvinnslu eða á móttökustöðvar almenns sorps.

# *Fjölbreytt* SÉRÞJÓNUSTA

## Þakrennuhreinsun

Stíflaðar þakrennur geta valdið ýmsum skemmdum, til dæmis er vatnstjón vegna stíflaðra niðurfalla nokkuð algengt. Skynsamlegt er að fylgjast með rennunum og hreinsa sölnað lauf og annað rusl úr þeim a.m.k. einu sinni til tvisvar á ári. Vert er að hafa í huga að húseigandi ber sjálfur ábyrgð á tjóni sem hlýst af stífluðum þakrennum eða niðurföllum.
Það fylgja einginn óhreinindi þegar við hreinsum þakrennunar hjá ykkur þar sem við notum Skyvac ryksugur, og öllum úrgangi er fargað af okkur.





## Háþrýstiþvottur

Háþrýstiþvottur hentar á svæði eins og stéttir fyrir framan og aftan byggingu, sérlega við inngangа. Hann hentar einnig vel við hreinsun á hellulögnum í görðum og við mosaeyðingu. Sömuleiðis háþrýstiþvoum við bæði bílakjallara og bílastæði af öllum stæðrum.

## Iðnaðarþrif

Við bjóðum einstaklingum, byggingarverktökum, stofnunum og fyrirtækjum upp á iðnaðarþrif.
Þegar þú tekur iðnaðarþrif hjá okkur getur þú treyst því að fá eignina afhenta í topp standi.
Tökum að okkur þrif í nýbyggingum hvort sem um ræðir stakar íbúðir eða fjölbýli.
Einnig þrif eftir breytingar eða endurbyggingar.



mánar

Þjónusta alla leið

## Gólfhreinsun

Steinteppi, steypt gólf og epoxy gólf eru dæmi um gólftegundir sem getur verið vandasamt að eiga við.
Með góðum tækjum og tækni óttumst við engin óhreinindi og djúphreinsum því allar gólftegundir.





## Sorpgeymslur og tunnur

Við sérhæfum okkur í háþrýstiþvotti og sótthreinsun á sorptunnum, rennum og geymslum.
Áralöng reynsla og sérhæfð vinnubrögð tryggja góðan árangur. Þegar kemur að sorptunnuhreinsun þá búum við mjög vel að efnum og tækjum.
Öll óhreinindi fara í sér útbúna kerru en ekki í niðurföllin.
Eftir þrifin hjá okkur verður allt tandur hreint og vel ilmandi.

## Garðurinn

Við leggjum mikla áherslu á fyrsta flokks vinnubrögð og að allir okkar viðskiptavinir séu ánægðir með garðinn sinn.
Regluleg umhirða grasflata er lykilatriði fyrir þá sem vilja hafa garðinn fallegan. Við leggjum metnað í að veita viðskiptavinum okkar ávallt topp þjónustu.
Reglulegur garðsláttur hefur marga kosti, m.a. að mosamyndun minnkar í grasinu og hæð grassins helst jöfn yfir allt sumarið en við það verður grasflöturinn mun fallegri.

Á veturna bjóðum við upp á söltun og söndun á stéttum og stígum




Er áklæðið orðið blettótt,
eða viltu hreinlega auka loftgæðin?
Þú getur alltaf leyst málið
og leigt vél hjá okkur
Castus
Mánar ehf™

# *Persónulegt* HREINLÆTI

## Salernis- og hreinlætisvörur

Bjóðum upp á alhliða þjónustu þegar kemur að persónulegu hreinlæti á vinnustað. Við erum með ýmsar vörur á hagstæðu verði, t.d. handsápur, sótthreinsispritt, salernispappír og þurkur. Í raun hvað það sem þitt fyrirtæki þarfnast hverju sinni.

Setjum einnig upp standa yrir pappír og sápur, viðskiptavinum að kostnaðarlausu. Eingöngu er greitt fyrir áfyllingar.





## Tuskuleiga

Tuskuleigan okkar hefur lengi verið vinsæl meðal viðskiptavina okkar. Við sjáum um að útvega tuskur, viskastykki og eftir þörfum vaskhandklæði og starfsfólk okkar skiptir þeim út við hverja heimsókn.

Ert þú að taka með heim til að þvo?

# ÁNÆGÐIR VIÐSKIPTAVINIR *okkar*

## Okkur er umhugað um ánægju viðskiptavina okkar og leggjum kapp okkar á góð samskipti og vönduð vinnubrögð.

Í hverri viku þjónustum við á þriðja hundrað fastra viðskiptavina sem sumir hverjir hafa verið í þjónustu okkar frá stofnun.  Auk þess vinnum við fjölbreytt stök verkefni fyrir stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga.

"Við hjá GKG höfum nýtt okkur þjónustu Mána frá því við opnuðum Íþróttamiðstöðina okkar árið 2016. Bæði GKG og Mánar hafa stækkað töluvert á þessum árum en það hefur á engan hátt komið niður á þjónustunni. Starfsfólk Mána er samviskusamt, sýnir frumkvæði og það er lítil starfsmannavelta hjá þeim þannig að við erum farin að upplifa starfsfólk Mána sem samstarfsfélaga okkar. Við gefum því Mánum bestu einkunn fyrir þeirra störf hjá okkur".

Agnar Már Jónsson
Framkvæmdastjóri GKG

"Við hjá CRI erum afar ánægð með þrif-þjónustuna sem Mánar veita. Starfsfólk þeirra, sem sér um þrif á skrifstofu okkar, er lipurt og vingjarnlegt og vinnur sína vinnu af kostgæfni."

Guðrún Ægisdóttir
Skrifstofustjóri, CRI

„Ég hef voðalega lítið verið í að gera svona umsagnir en í ykkar tilfelli verð ég að gera undantekningu því að við erum svo yfir okkur ánægð með þjónustu ykkar hjá Mánum. Virkilega kurteisislegt viðmót starfsmanna ykkar og vönduð vinna“.

Valdimar Kristjónsson
Framkvæmdastjóri Rafal

Húsfélagið í Asparfelli hefur verið með húsvarðaþjónustu hjá Mánum ehf. síðan í nóvember 2021. Bæði stjórn og íbúar eru mjög ánægð með þá þjónustu sem við fáum, og okkar þjónustustjóri kynnti sér vel aðstæður og þarfir íbúanna áður en þjónustan byrjaði. Öll samskipti eru til fyrirmyndar og alltaf er leitað lausna sem henta báðum aðilum. Það er augljós áhugi hjá Mánum ehf til að skila góðu verki, og þeirra störf eru unnin af trúmennsku og dugnaði.

Birgitta Bóasdóttir
Formaður Asparfells

# Teymið OKKAR



## Sirrý Garðars

Sölustjóri

Sirrý er sölustjóri fastra og langtíma samninga og hefur yfirumsjón með samningsgerð og þjónustu.  Hún hefur áratuga reynslu af sölu- og þjónustustörfum úr ýmsum geirum viðskiptalífsins, bæði hér heima og erlendis.

sirry@manar.is
564-6005

---



## Kristján Sigurður Þórðarson

Sölustjóri

Kristján leiðir og stýrir sérverkefna deild okkar .
Hann hefur áralanga reynslu af fjölbreyttri sérþjónustu fyrir félög, fyrirtæki, stofananir og einstaklinga.

kristjan@manar.is
564-6005

---



## Cristian Havirneanu

Sölumaður

Cristian hefur lokið menntun í ýmsum sérþáttum ræstingaþjónustu og á að baki áralanga reynslu af fjölbreyttu tagi bæði hér heima og erlendis.

manar@manar.is
564-6005

MÁNAR EHF.

*Verðum í bandi*

Mánar ehf
Gylfaflöt 17, 112 Reykjavík
564-6005
www.manar.is
manar@manar.is